

Hallgrímskirkja
Messa og barnastarf
Þriðji sunnudagur í aðventu
16. desember 2018 kl. 11



Séra Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari. Messuþjónar aðstoða. Karla­kór Reykjavíkur syngur og leiðir messusönginn undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson. Umsjón með barnastarfinu hafa Ragnheiður Bjarnadóttir og Rósa Hrönn Árnadóttir.

Forspil: Wachet auf, ruft uns die Stimme BWV645, *Johann Sebastian Bach*.

Ávarp og signing

Sálmur

Við kveikjum einu kerti á,
Hans koma nálgast fer,
sem fyrstu jól í jötu lá
og jesúbarnið er.

Við kveikjum tveimur kertum
og komu bíðum hans.
Því Drottin sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns.

Við kveikjum þremur kertum á
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.
S. Muri/Lilja Kristjánsdóttir

Miskunnarbæn

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.
Prestur: Kristur, miskunna þú oss.
Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.

Söfnuður: Drottinn, miskunna þú oss.
Söfnuður: Kristur, miskunna þú oss.
Söfnuður: Drottinn, miskunna þú oss.

Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.
Prestur: Látum oss biðja um aldir alda.

Söfnuður: Og með þínum anda.
Söfnuður: Amen.

Fyrri ritningarlestur *Jesaja 40.9-11*

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.
Söfnuður: Guði sé þakkargjörð.

Síðari ritningarlestur *Síðara Pétursbréf 1.19-21*

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Söfnuður: Dýrð sé þér Drottinn.

Sálmur

Hósianna, lof og dýrð, því blessaður er sá
því blessaður er sá, sem kemur í nafni Guðs.
Hósianna, hósianna, sönnum syni Ísraels.
Hósianna, hósianna, því blessaður er sá,
því blessaður er sá, sem kemur í nafni Guðs.

Í upphafi sálmsins ganga börnin fram til eigin samveru.

Guðspjall: *Lúkas 3.7-17*

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Lúkas.

Söfn: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

Söfn: Lof sé þér, Kristur.

Trúarjátning

Söfnuður sest eftir trúarjátninguna

Sálmur

Vakna, Síons verðir kalla,
ó, vakna, hljómar röddin snjalla,
þú Jerúsalem, borg Guðs, brátt.
Hyggjin vert og hugsa eigi,
að hér til hvíldar bjóða megi,
þótt yfir standi aldimm nátt.
Sjá, Herrann kemur nær,
kom, brúður, honum nær.
Blys lát brenna
og gleðst í lund,
á Guðs þíns fund
hann leiðir þig við ljúfa mund.

Síon hljóminn helga nemur
sig hún í skyndi býr og kemur
og ástvin breiðir arma mót.
Sjá, hann birtist, son Guðs fríður,
í sannleiksvaldi, náðarblíður,
sú morgunstjarna' og meinabót.
Þú, Herra', ens hæsta son,
vor huggun, gleði' og von.
Hósianna!
Með fögnuð vér
nú fylgjum þér
í himnadýrð, sem eilíf er.

Eilíft lof með einum rómi
þér inna skal, Guðs dýrðarljómi,
með englum sælum uppi þar,
þar sem lífsins geislar glitra
frá guðdómstóli hins alvitra,
sem með sér ann oss eilífðar.
Hvað auga aldrei sá
og eyra mátti' ei ná,
vér nú sjáum.
Ó, Herra, þér,
sem hjörtun sér,
um eilífð syngjum vegsemd vér.

Nicolai, Stefán Thorarensen.

Prédikun

Kórsöngur – *Karлакór Reykjavíkur syngur*

Samskotakörfur ganga til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar.

Almenn kirkjubæn

Hver beiðni endar á orðunum: ... fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Söfnuður: Drottinn, heyr vora bæn.

Syndajátning og friðarkveðja

Prestur: Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.

Söfn: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

Þögn til íhugunar

Prestur: Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilífs lífs fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Söfn: Amen.

Prestur: Friður Drottins sé með yður.

Söfn: Og með þínum anda.

Friðarkveðja er látin ganga á milli allra með orðunum: Friður sé með þér. Svar: Og með þér.

Sálmur

Hefjum upp augu' og hjörtu með,
hjálpræðisstund vor er nærri.
Jesú vér fáum sjálfan séð,
sorg öll og kvíði er fjarri.
Senn kemur eilíf sumartíð,
sólunni fegri', er ljómar blíð
Drottins í dýrðinni skærri.

Frumhöf. ók., Valdimar Briem

Altarisganga

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Drottinn sé með yður.

Söfnuður: Og með þínum anda.

Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Söfnuður: Vér hefjum þau til Drottins.

Prestur: Látum oss þakka Drottni Guði vorum.

Söfnuður: Það er maklegt og réttvíst.

Prestur: Sannlega er það og segjum án afláts:

Söfn: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn. Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

Söfnuður sest

Þakkarbæn, innsetningarorð og Faðir vor

Bænin endar á orðunum: ... í heilagri kirkju þinni um aldir alda.

Söfnuður: Amen

Guðs lamb

Söfn: Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.

Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.

Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, gef oss þinn frið. Amen.
Altarisgestir ganga innar. Sérhver altarisgestur tekur við brauðinu í lófann, djfír því í kaleikinn, signir sig og gengur til sætis en annar kemur í hans stað.

Kórsöngur undir útteilingu – *Karлакór Reykjavíkur syngur*

Þakkarbæn

Svar: Amen

Blessun

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.

Söfn: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.

Söfn: Amen, amen, amen.

Sálmur

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður á foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.
Ingemann, Matthías Jocumsson.

Í lok messu verður afhent söfnunarfé til Sambands íslenskra kristniboðsfélaga og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Eftirspil: Toccata í h-moll, *Eugène Gigout.*

Á döfnni:

Í dag: Orgeltónleikar Lára Bryndís Eggertsdóttir kl. 17.

Mánudagur 17. desember: Hádegisbæn kl. 12.15.

Þriðjudagur 18. desember: Fyrirbænauguðspjónusta kl. 10.30.

Miðvikudagur 19. desember: Árdegismessa kl. 8.

Miðvikudagur 19. desember: Foreldramorgunn kl. 10 – 12.

Miðvikudagur 19. desember: Kyrrðarstund á jólaföstu kl. 17.

Föstudagur 21. desember: Aðventutónleikar með Schola cantorum kl. 12.

Sunnudagur 23. desember: Kærleikur og friður á Þorláksmessu kl. 17 - Kyrrðarstund

Aðfangadagur 24. desember: Aftansöngur kl. 18.

Aðfangadagur 24. desember: Miðnæturguðþjónusta á jólanótt kl. 23.30.

Jóladagur 25. desember: Hátíðarguðþjónusta kl. 14.

Annar í jólum, 26. desember: Hátíðarguðþjónusta kl. 14.